



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Spurningar og svör vegna skýrslu um sundurliðun fjárfestinga og skulda fagfjárfestasjóða

14. október 2013

Spurningar og svör við útfyllingu á skýrslu um sundurliðun fjárfestinga og skulda fyrir fagfjárfestasjóði

Fagfjárfestasjóðir þurfa að skila inn skýrslum um sundurliðun fjárfestinga sinna sbr. 7. mgr. 62. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Fjármálaeftirlitið hefur útbúið spurningar og svör er varða útfyllingu á skýrslu um sundurliðun fjárfestinga og skulda fyrir fagfjárfestasjóði. Ástæður þess að eftirlitið hefur útbúið þetta skjal er til að stuðla að samræmdum skilum hjá rekstraraðilum sem stuðlar að betri upplýsingaöflun og yfirferð fyrir eftirlitið.

Þær spurningar sem eru í skjalinu hafa komið frá þeim aðilum sem sjá um rekstur fagfjárfestasjóða, vörsluaðilum og starfsmönnum eftirlitsins. Skjalið er uppfært reglulega með nýjum spurningum og aðrar spurningar og svör endurskoðuð reglulega.

Allar athugasemdir og aðrar spurningar má senda á netfangið fme@fme.is

Skjalið var síðast uppfært 14.okt.2013

Fjárfestingar í fasteignum

Ef fjárfest er beint í fasteignum, við hvaða verðmat skal miða við? Fasteignamat eða markaðsvirði fasteignarinnar?

- Ef fjárfest er beint í fasteignum en ekki eignarhaldsfélögum um fasteignir skal miða við það verðmat sem er nýjast og notast er við í bókum félagsins.

Ef fjárfest er í félagi sem að fjárfestir eingöngu í fasteignum ber að velja flokkinn Fasteign eða Hlutabréf í Tegund Fjárfestingar?

- Ef ekki er fjárfest beint í fasteign heldur í gegnum félag eða félög sem fjárfesta í fasteignum skal velja flokkinn hlutabréf í tegund eignar.

Ef fjárfest er í fasteignum ber að hafa reitinn Kennitala auðan?

- Ef fjárfest er beint í fasteignum skal setja heimilisfang í reitinn útgefandi heiti og hafa kennitölureitinn auðan.

Ef að fjárfest er í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, hvort skal velja flokkinn fasteignir eða skuldabréf í reitnum Tegund Fjárfestingar?

- Í tegund fjárfestingar er flokkur sem nefnist Fasteignaveðtryggð Skuldabréf og ber að notast við hann ef um fjárfestingu í skuldabréfi er að ræða sem tryggt er með veði í fasteign eða fasteignum.

Fjárfestingar í sjóðum

Ef fjárfest er í íslenskum fjárfestingarsjóðum, ber að velja flokkinn Hlutdeildarskírteini Non-UCITS eða aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu?

- Ef fjárfest er í íslenskum fjárfestingarsjóðum skal velja flokkinn Hlutdeildarskírteini Non-UCITS. Sé fjárfest í öðrum sjóðum en verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, t.d. fagfjárfestasjóðum skal velja flokkinn aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Fjármálaeftirlitið bendir á að listi yfir alla verðbréfa-fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði má nálgast á heimasíðu eftirlitsins.

Ef fjárfest er í sjóðum ber að setja heiti sjóðsins eða heiti rekstraraðilans í Útgefandi?

- Ef fjárfest er í sjóðum skal setja heiti sjóðsins eða sjóðsdeildarinnar en ekki heitið á rekstraraðilanum í reitinn útgefandi heiti. Ef sjóður er deildaskiptur skal bæði setja heiti sjóðsins og deildarinnar sem að fjárfest er í.

Ef fjárfest er í hlutdeildarskírteinum í hrávörum ber að tilgreina það sem sjóð eða sem fjárfestingu í hrávöru í floknum Tegund Fjárfestingar?

- Ef fjárfest er í hlutdeildarskírteinum hrávörusjóða skal velja flokkinn aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Ef að fjárfest er beint í hrávöru skal velja hrávöru og setja heiti hrávörunnar í flokkinn Útgefandi.

Ef fjárfest er í kauphallarsjóðum (e. exchange traded funds, ETF's) hvað ber að velja í reitnum Tegund Fjárfestingar?

- Ef fjárfest er í kauphallarsjóðum sem eru UCITS ETF's skal velja Hlutdeildarskírteini UCITS. Ef að sjóðurinn uppfyllir ekki þau skilyrði að falla undir að vera UCITS ETF's sjóður skal velja aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

Fjárfestingar í afleiðum

Hvernig skal færa inn afleiðusamninga í skýrslunni?

- Fylla skal út afleiðusamninga þannig að gangvirði þeirra sé reiknað miðað við uppgjörsdag. Þeir samningar sem eru opnir á þeim degi sem uppgjórið er skulu dregnir saman eftir því hvort að mótaðili sé banki/sparisjóður eða annar aðili.

Ef virði afleiðusamnings er neikvætt á að setja hann skuldamegin í skýrsluna?

- Ef virði afleiðusamnings er neikvætt á þeim degi sem að uppgjórið er skal setja það skuldamegin í skýrsluna.

Er heimilt að jafna (e. netting) út afleiðusamninga með jákvætt og neikvætt virði?

- Ekki er heimilt að netta út afleiðusamninga, samningar með jákvætt virði fara eignamegin og með neikvætt virði skuldamegin.

Skuldahlið skýrslunnar

Ber að setja neikvæða tölu í skuldahlið skýrslunnar eða jákvæða?

- Í skuldahlið skýrslunnar skal setja jákvæða tölu en ekki neikvæða.

Ef að skuldir sjóðsins eru í erlendum gjaldmiðli, ber að umreikna þær yfir í ISK?

- Ef að skuldir sjóðsins eru í erlendum gjaldmiðli skal umreikna stöðuna yfir í ISK miðað við kaupgengi Seðlabankans á uppgjörstegi.

Flokkun á tegundum eigna

Hvenær ber að nota flokkinn Innlán og hvenær skal notast við Reiðufé í floknum Tegund fjárfestingar?

- Fjárfesting telst til innláns ef sérstaklega hefur verið samið um vexti og binditíma. Reiðufé er lausafé sjóðsins sem er ekki hluti af fjárfestingarstefnu og ekki hefur verið samið sérstaklega um vexti og binditíma.

Önnur atriði

Ef búið er að tilkynna sjóðinn en engar eignir eru komnar inn, á að skila inn skýrslu?

- Ef engar eignir eru komnar í sjóðinn skal senda inn núllskýrslu, semsagt skila inn skýrslu og setja í athugasemdir að engar eignir séu komnar í sjóðinn.

Eiga sjóðir í slitameðferð að skila inn skýrslunni?

- Sjóðir í slitameðferð eiga að skila inn skýrslum, ef engar eignir eru eftir í sjóðnum skal skila inn núllskýrslu.

Ef um fjárfestingu í óskráðu félagi er að ræða, við hvaða verðmat skal notast við í reitnum Fjöldi eininga?

- Notast skal við síðasta viðskiptaverð eða það verðmat sem best lýsir virði félagsins.

Hvernig skal færa inn niðurfærslureikninga í skýrslunni?

- Ef sjóðurinn er með niðurfærslureikning skal velja flokkinn Aðrar eignir, í Tegund eignar. Skal sú upphæð hafa neikvætt gildi og setja í athugasemdardálkinn að um niðurfærslur sé að ræða.

Skal gera greinarmun á verðtryggðum og óverðtryggðum eignum?

- Ekki skal gera greinarmun á verðtryggðum og óverðtryggðum eignum í skýrslunni.